

Málverk án „k-sins“


Á laugardaginn opnuðu þrjár athyglisverðar sýningar á Kjarvalsstöðum. Vestursalurinn er helgaður sýningunni „do it“, en það mætti útleggja sem „látu til skara skrifa“. Þetta er yfirgripsmikil forskriftarsýning sett saman af svissneska sýningarstjóranum Hans Ulrich Obrist. Listamenn ut-

ar höggmyndir úr dökkleitu tjörutexti. Þær móta stafina „B“ og „Ð“ í mörgum lögum úr uppstöfluðum einingum. Við austurendann stendur svo ferhyrður stafl af pappakössum með reglulegum götum. Þetta eru *Súrefni-skassar*, án þess tekið sé fram til hvaða nota þeir séu. Það nægir að vita að hlutverk þeirra tengist öndun þótt margfeldi þeirra geti eins verið ávísun á innilokun – hólfun – og áhorfandinn geti því fengið kast og fundist hann vera sem lokað dýr í búri.

Það er óþarfi að horfa framhjá óþægindunum í verkum Haraldar, en stundum er eins og hann sé einhverfur maður að leita sér að réttu tjáningarformi. Flækjurnar sem hann setur fram geta með engu móti talist ofan og utan við afstöðu hans til tilverunnar. Það má því segja að í list hans komi fram skýr pólitísk vitund um stöðu skynjunar og tjáskipta. Öll nemum við tilveruna á okkar persónulega hátt án þess að geta alhæft með vissu um skynjun hinna. Þótt enginn tæknilegur munur sé á skynfærum manna er skynjun þeirra svo margháttuð að fráleitt er að reyna að koma henni heim og saman í einhverju einföldu kerfi.

Svo sterk er tilfinning Haraldar fyrir þessari staðreynd að verk hans virðast hrópa til okkar úr þögn sinni og einangrun. Þannig eru þau eins og nútímalegar útfærslur á Ópi Edwards Munchs. En með því að myndmálinu er haldið utan við tjáningarríkið sem einkenndi stíllbrigði Norðmannansins, verður niðurstaðan meir í ætt við íróníska hljómeikið Kafka og Beckett. Þar með verður yfirbragðið leikhússkennit. Samstilling Haraldar á Kjarvalsstöðum er ekki ósvipuð sviðsmynd úr fjölskyldudrama þar sem við eigandi uppgjör hefur átt sér stað og allir eru í framhaldi af því dæmdir til eilífrar þagnar.

Það er hinn líkamlegi þáttur í verkum Haraldar sem skipar honum á allt annan bekk en restinni af íslenskum naumhyggjumönnum. Það væri frek-



Svo sterk er tilfinning Haraldar fyrir þessari staðreynd að verk hans virðast hrópa til okkar úr þögn sinni og einangrun. Þannig eru þau eins og nútímalegar útfærslur á Ópi Edwards Munchs.

leg einföldun að taka verk hans fyrir einhvern einfaldan formalisma. Því síður er hægt að líta á þau einvörðungu sem írónískar húmorpillur, enda þótt Haraldur sjálfur geti átt það til að vísa manni veginn þangað. Hugmyndir hans um rýmið og tómið eiga sér tragískan undirtón sem einna helst mætti rekja til skipbrots tjáningarinnar.

Til dæmis er það staðreynd sem ekki verður umflúin að þrátt fyrir nýtskulegt málver er langt í frá að mál-farslegur vandi útlendinga sé leystur og þeir sitji við sama borð og innfæddir hvað varðar tjáningarháefni. Hinar hrfandi, blátóna myndir í sínum haganlega gerðu viðarrömmum eru þar af leiðandi eins og fjarrænn draumur í impressionískum tálmynda-stíl. Syrpan er ekki ósvipuð exotískum þokuauglýsingum frá Austurlöndum fjær sem þrýða hvert einasta alþjóðlegt tímarit. Hún býr jafnframt yfir svipuðum aukaáhrifum – nefnilega þeim að áhorfandinn sem stendur með

þáða fætur í raunveruleikanum muni aldri geta komist nær þessum veruleik en sem áhorfandi. Einmitt þetta atriði gerir málverðið svo miklu líkara málverki en ljósmynd. Eini munurinn er sá að málverðið skortir „k-ið“ í endann til að verða málverk. K. verður að láta sér nægja að standa utanvið sem áhorfandi líkt og sveitamaðurinn hjá Kafka sem dyravörðurinn varnaði inn-göngu.

Enn sem fyrr fjallar Haraldur um mögulegar smugur, göt og opnanir. En þegar betur er að gáð eru opin sem við sjáum hljóðeinangruð í bak og fyrir eins og rasphúsin hjá Rannsóknar-réttinum og betrunarhælin á tímum mjúku gildanna. „Hvers vegna hef ég ekki séð neinn annan reyna að komast hér inn?“ spurði sveitamaðurinn að lokum. „Það er af því að þessar dyr eru sérstaklega gerðar fyrir þig.“ Þannig er það einnig með sýningu Haraldar Jónssonar. Það er eins og hún sé sérstaklega gerð fyrir hvern og einn sem hana skoðar. ■

Menning & listir




Halldór
Björn
Runólfsson
skrifar

an úr hinum stóra heimi senda nákvæm fyrirmæli með ýmsu móti til okkar hér heima á Fróni. Síðan er þessum fyrirmælum framfylgt. Úr framkvæmdinni verður svo til hin margbreytilegasta sýning.

Á ganginum framan við vestursalinn eru svo *Eldríni* Steinu Vasulka til sýnis, stórbrotin myndbandssýning í myrkvuðu umhverfi með myndvörpum sem Steinu tekst að margfalda með þar til gerðum hliðarspeglum. Þetta mun vera fyrsta af þremur verkum sem Steina sýnir á jafnmörgum vikum. Það er því vert að bíða eilítið með umfjöllun um Steinu og sýningu hennar, einkum ef hin verkin eru í við-líka gæðaflokk og *Eldríni*.

Þriðja sýningin sem opnaði um helgina er sýning Haraldar Jónssonar á miðgangi hússins. Þar sýnir hann fjögur verk sem öll snúast um flækjur skynjunar og tjáningar. Eftir endilöngum norðurveggnum er risastór, svört, hljóðeinangrandi motta sem virkar eins og svört hola utan úr geimnum. Gegnt henni hangir röð af bláflútruðum ljósmyndum í vöndudum, einföldum tréörömmum af útlingum með heymartól í íslenska málverinu.

Vestan megin eru svo tvær samsett-



JÓN ÓSKAR

vítimenn

„...engin þessara persóna virðist hafa alúðlegan heildar-persónuleika heldur koma þær fyrir sem tækifærissinnaðar persónur að eðlisfari en með misþykka sykurhúð þó.“

Tryggvi V. Lindal gerir forsetafram-bjóðendurna að umtalsefni. DV.

Fyrir mánuði síðan sagði ég við sjálfan mig, heyrðu hvað er að gerast. Það er allt brjáláð, menn eru að lemja hvern annan niðri í bæ, Kín-verjar og Ísraelsmenn eru að æsa sig og kirkjunnar menn að deila og stéttarfélagin æst, það er allt brjáláð.

Gunnlaugur Guðmundsson stjórnumspjökur í Tímanum. Niðurstaða hans var sú að allt stafaði þetta af búseta-skiptum hjá stjórnum.

Verði þetta niðurstaðan fyrir tilstuðlan sjálfstæðismanna brestur þar með grundvöllur fyrir frekari pólitísku starfi Sjálfstæðisflokksins sem fjöldahreyfingar. Björn Ólafsson varar sjálfstæðis-menn við því að styðja Ólaf Ragnar Grímsson í forsetaembætti. Úr lesendabréfi DV.

Hvar er biskupinn eiginlega? Er hann að hugleiða að ganga í klaustur? Sigurbjörg spyr í lesendadálki DV.

Mér finnst söfnuðurinn alltaf jafnþakklátur hvort sem hann er uppi í fjalli eða innan kirkjudyra. Pálmi Matthíasson í Tímanum.

fréttaskot úr fortíð

Sjálfstæðismenn eru með böggum hildar þessa daga enda gefa allar skoð-anakannanir til kynna að Bessastadir séu svo gott sem gengnir þeim úr greipum. Ekki er nóg með að **Ólafur Ragnar Grímsson** sé á mikilli siglingu, næst kemur **Guðrún Pétursdóttir** – en ekki er ofmælt að einmitt þau tvö séu það fólk á Íslandi sem **Davíð Oddsson** hefur mesta imugust á. Óþarfi er að rifja upp sam-skipti Davíðs og Ólafs Ragnars í smáatriðum en þau náðu dramatískum hápunkti þegar sá síðarnefndi sagði á Alþingi að forsætisráðherra hefði „skítlegt eðli“. Davíð rauk þá uppí ræðustól og kvæðst aldrei, aldrei sitja í skjóli Ólafs Ragnars. Í þann tíð datt engum í hug að Ólafur Ragnar Grímsson kynni í fyllingu tímans að verða æðsti maður landsins, enda þótti hugmyndin til skamms tíma fremur fáránleg. En nú bendir margt til þess að Davíð Oddsson forsætisráðherra

þurfi að láta hrópa ferfalt húrta fyrir Ólafi Ragnari strax í haust og oft uppfra því. Þeir sem þekkja Ólaf Ragnar vita líka að hann mun verða mjög á faralds-fæti, ná hann kjöri sem forseti, en ein af embættis-skyldum forsætisráðherra er að fylgja forseta útá flugvöll og taka síðan á móti honum aftur. Davíð verður sem sagt á sífellum þönum, til og frá Keflavík, með forsetanum sínum – tilhugsun sem tæp-ast vekur mikla lukku á Lynghaga...

Meira um forsetaraunir **Davíðs Oddssonar**. Vaxandi kurr er innan Sjálfstæðisflokksins gagnvart for-manninum, enda þykir Davíð ekki bara hafa blokkerað „góða hægrimmenn“ sem hugðu á forsetaframboð með því að taka ekki af skar-ið sjálfur, heldur er vand-ræðagangurinn beinlínis far-inn að bitna á flokknum í skoðanakönnunum. Þing-menn Sjálfstæðisflokksins,

margir hverjir, sögðu til skamms tíma opinberlega að Davíð hefði barasta svo skemmtilega kímigáfu: þessvegna væri hann ekki fyrir löngu búinn að gefa af-svar við forsetaframboði. Brandarinn þykir nú hafa snúist uppí hreina martröð, þótt fjendur forsætisráð-herra hlægi vitaskuld dátt...

Viðtal *Alpýðublaðsins* við **Matthías Johannessen** ritstjóra *Morgunblaðsins* vakti mikla athygli, enda ör-sjaldan sem Matthías veitir viðtöl. Nú heyrum við að í undirbúningi sé annað við-tal, og hefði einhverntíma þótt tíðindum sæta: **Silja Aðalsteinsdóttir** mun ræða við Matthías í haust-hefti *Tímarits Máls og menn-ingar*. Þar með má segja að formlega sé lokið köldu stríði í íslenskum bókmennt-um, enda ekkert sem mælir gegn því að Matthías ræði við tímarit þess forlags sem gefur út verk **Tómasar Guð-mundssonar**...

hinumegin

„FarSide“ eftir Gary Larson



O, þeir finna fljótleiga eitthvað fyrir þig að gera... Ég? Ég á að blása sápuklúur til eilífðarnóns.

fimm á förunum vegi Með hvaða íþróttafélagi heldur þú?



Guðmundur Sigurðsson lögfræðingur: Leiftur frá Ólafsfirði er mitt lið.



Dagbjört Norðfjörð veg-farandi: Ég er Valsari í húð og háar.



Hilmar Ramos nemi: Ég held með Val.



Árni Leó Stefánsson nemi: Ég styð KA.



Jóna Erlendsdóttir nemi: Ég er Valsari.

Skozkt met

Á gistiþúsi í Aberdeen borðaði nýlega gestur, sem aðeins gaf eitt penny í drykkjupeninga. – Nei, heyrðu mig nú, sagði þjónninn. – Methafinn hér í nízkú gefur æfin-lega 2 penny í drykkjupeninga. – All right! Komið þá bara og óskið nýja methafanum til hamingju.